

## Upplýsingamennt 2018-2019

### 8.-10. bekkur

Kennarar eru Hanna Valdís Guðjónsdóttir og Kristín Heiða Þórisdóttir.

Upplýsingamennt 1x40 mín. á viku.

### Kennsluhættir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og Aðalnámskrá grunnskóla.

Á blaðsíðum 224-232 í aðalnámskrá er fjallað um upplýsinga- og tæknimennt og má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar.

Úr aðalnámskrá: *Kennsluhættir og námsmat í upplýsinga – og tæknimennt Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám.*

Í upplýsingamennt verður lögð áhersla á að kenna nemendum fingrasetningu og undirbúa þá vel fyrir framtíðina. Sérstaklega verður farið í hin ýmsu tæki og tól sem gagnast vel til frekari náms eða vinnu.

Kennt verður í lotum og áherslan verður á símat með stuttum prófum og verkefnum.

Nemendur hafa aðgang að tölvum hér í skólanum og alltaf er hægt að komast í tölvur á bókasafninu utan kennslustunda. Kostur er ef nemendur hafa einnig aðgang að tölvu heima við.

## **Námsgögn**

Efni frá kennara, vefurinn o.fl.

## **Námsmat**

Lokamat nemenda byggist á þátttöku í tímum, skilum á verkefnum og leikni í fingrasetningu.